

# Lög

## um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða).

---

1. gr.

2. mgr. 58. gr. laganna orðast svo:

Enginn framleiðandi getur fengið hærri heildarframlög samkvæmt samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða en sem nemur 10% af heildarframlögum til beingreiðslna, að undanskildum beingreiðslum vegna flutnings- og dreifingarkostnaðar raforku. Hámarkið er reiknað af hverjum beingreiðsluflokki fyrir sig. Hámarksstuðningur af beingreiðslum vegna flutnings- og dreifingarkostnaðar raforku á hvern framleiðanda er 17,5% af heildarframlögum til þess beingreiðsluflokks.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2021.

---

*Samþykkt á Alþingi 26. nóvember 2020.*